

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1956.

Auglýsing um viðskiptasamning milli Íslands og Brazíliu, undirskrifuð af utanríkisráðherra 13. október 1956, nr. 83.

Lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur, undirskrifuð af forsetanum 8. desember 1956, nr. 84.

Lög um festingu verðlags og kaupgjalds, undirskrifuð af forsetanum 22. desember 1956, nr. 85.

Lög um útflutningssjóð o. fl., undirskrifuð af forsetanum sama dag, nr. 86.

Auglýsing um fullgildingu viðbótarbókunar við alþjóðasamning um verndun fiskimiða í norð-vestur Atlantshafi, undirskrifuð af utanríkisráðherra 6. desember 1956, nr. 87.

AUGLÝSING

152

22. des.

um innflutningsheimildir fyrir vörum.

Með skírskotun til 1. gr. laga nr. 88 24. des. 1953, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála, fjárfestingarmála o. fl., hefur ríkisstjórnin ákveðið, að vörur þær, sem voru á skilorðsbundnum frílista samkvæmt reglugerð nr. 15 11. febr. 1954, skuli fyrst um sinn vera á frílista, þannig að vörur í A-lið 7. gr. reglugerðarinnar megi flytja inn samkvæmt frílista frá öllum löndum, en vörur í B-lið sömu greinar aðeins frá jafnkeypislöndum. Vélar til blikk- og járnsmíða (tollskr. nr. 72/49) og vélar til trésmíða (tollskr. nr. 72/53) skulu þó háðar leyfum Innflutningsskrifstofunnar.

Frílistinn samkvæmt reglugerð nr. 211 28. desember 1953 helzt óbreyttur áfram.

Innflutningur annarra vara en þeirra, sem eru á frílista samkvæmt ofanrituðu, er háður leyfum Innflutningsskrifstofunnar.

Viðskiptamálaráðuneytið, 22. desember 1956.

Lúðvík Jósefsson,

Þórhallur Ásgeirsson.